

# ÁLYKTUN STJÓRNAR BANDALAGS ÍSLENSKRA SKÁTA

10. OKTÓBER 2024



Síðastliðinn mánudag, 7. október 2024 var skátahöfðingja boðið í viðtal við Kveik, fréttaskýringarþátt RÚV. Í viðtalinu voru bornar upp gildishlaðnar spurningar sem bentu til þess að möguleiki væri á því að Bandalag íslenskra skáta (BÍS) myndu ekki njóta sannmælis í umfjölluninni. Vegna þessa telur stjórn nauðsynlegt að bregðast við og kasta ljósi á hlið BÍS í viðtalsefninu.

Skátahöfðingi var boðaður til viðtals Kveiks á þeim forsendum að ræða ætti upplifun þátttakenda á alheimsmóti skáta í Suður-Kóreu sumarið 2023 auk þess að fara yfir athugasemdir frá foreldrum. Eins og víða var fjallað um í fjölmiðlum síðastliðið haust, voru aðstæður á mótssvæðinu óásættanlegar vegna lélegs undirbúnings yfirvalda í Suður-Kóreu, auk hitabylgju og síðar fellibyls sem olli því að mótið var rýmt.

Það var ljóst þegar viðtalið hófst að ekki átti að ræða ferðina sjálfa heldur eingöngu fjárhagsuppgjör hennar. Það var einnig ljóst af eðli spurninga að kasta ætti rýrð á heilindi skátahöfðingja sem á þessum tíma var í launaðri stöðu framkvæmdastjóra tímabundið og var þennan mánuð að sinna aðlögun nýráðins framkvæmdastjóra. Bæði skátahöfðingi og nýráðinn framkvæmdastjóri stýrðu umfangsmiklu viðbragði hér heima til að tryggja öryggi þeirra 140 barna og ungmenna sem tóku þátt í ferðinni. Enda voru aðstæður mjög krefjandi og reyndu verulega á mótsgesti, einkum börnin og hina ungu sjálfboðaliða.

Í viðtali Kveiks var þrúspurt um laun skátahöfðingjans og um nákvæma verkefnastöðu þeirra 7 starfsmanna Skátamiðstöðvarinnar sem komu að umsjón ferðarinnar þau rúmu 2 ár sem undirbúningur hennar stóð. Það var ljóst af stefnu viðtalsins að fréttafólk Kveiks hafði að engu eða takmörkuðu leyti kynnt sér þau gögn sem þeim voru afhent fyrir viðtalið og komu þau aldrei til tals.

Í viðtalinu var ítrekað vitnað í þá skoðun fararstjórnar ferðarinnar að umsýslukostnaður skrifstofu vegna ferðarinnar hafi verið óeðlilegur. Þessari skoðun fararstjórnar hefur verið hafnað af stjórn BÍS og félagsfóringjum og er hún þvert á gildandi reglugerð um utanferðir skáta sem kveður skýrt á um

að umsýslukostnað skrifstofu skuli skrá á ferðir á vegum BÍS. Þá er einnig bent á að samþykkt fjárhagsáætlun ferðarinnar tók mið af þessum kostnaði. Til viðbótar var boðað til sérstaks félagsforingjafundar svo að félögin hefðu tækifæri til að skoða öll gögn vegna málsins. Ályktun þess fundar var skýr, engar heimildir væru til endurgreiðslu og kostnaður ferðar væri rétt skráður á ferðina.

Þjónustugjald er innifalið í öllum þátttökugjöldum viðburða BÍS enda er það grundvallarforsenda þess að hægt sé að veita skátafélögunum þjónustu, tryggja samfellu í viðburðarhaldi og öryggi þátttakenda. Þjónustugjald var einnig innifalið í því verði sem sett var fram á þátttökugjaldi á Jamboree nú sem fyrr. Fjölmargir vinnuhópar starfa eftir þessu verklagi ár hvert við framkvæmd ævintýralegra viðburða og ferða.

Ljóst er að ekki var allt eins og best verður á kosið á mótsstað í Suður Kóreu sumarið 2023. Aðstæður á mótssvæðinu voru óboðlegar og reyndu mjög á. Af hálfu BÍS var allt kapp lagt á að veita þeim börnum og ungmennum sem í ferðinni voru stuðning að heiman á meðan á ferðinni stóð. Var talin þörf á að stíga inn í þessar erfiðu aðstæður m.a. með því að fulltrúi BÍS var sendur á staðinn. Jafnframt hefur verið reynt að styðja þau sem þurftu stuðning eftir að heim var komið.

Við hörmum þá stöðu sem upp er komin að mál sem hefur fengið eðlilegan farveg innan skátahreyfingarinnar sé komið í fjölmiðla.

Skátahreyfingin vinnur að heilindum að uppbyggilegu starfi fyrir börn og ungmenni, með áherslu á sjálfstæði, útivist og leiðtogahæfni. Við leggjum mikla áherslu á að vinna eftir siðareglum og viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins, og á það við um alla okkar sjálfboðaliða.

Ályktunin var samþykkt af allri stjórn BÍS samhljóða.

